

Íslensk Orkuvirkjun
Birkir Þór Guðmundsson
Trönuhraun 7 b
220 Hafnarfjörður

2006050099
4607; 9310

Reykjavík, 30. júní 2006
/--

**Efni: Breyting og viðbætur á Hvestuveitu í landi Fremri-Hvestu, Vesturbyggð.
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Íslenskrar orkuvirkjunar f. h. Hvestuveitu ehf. dags. 26. maí 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt breyting og viðbætur á Hvestuveitu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vesturbyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, iðnaðarráðuneytis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Vesturbyggð með bréfi dags. 27. júní 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 13. júní 2006, iðnaðarráðuneytinu með bréfi dags. 12. júní, Orkustofnun með bréfi dags. 16. júní 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. júní 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé breyting og viðbætur á Hvestuveitu. Áætluð stærð virkjunarinnar sé 120 kW og ráðgert sé að nýta vatn sem rennur frá núverandi Hvestuvirkjun. Reisa þurfi 23 m langa og 10 m háa stíflu neðan bæjarhlaðs Fremri-Hvestu og þaðan verði vatnið leitt í um 280 m langri niðurgrafinni aðveitulögn að nýrri rafstöð sem staðsett verði í 40m³ stöðvarhúsi vestan árinna. Fram kemur að ekki sé að vænta mikilla áhrifa vegna framkvæmdarinnar þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði sé í heimatúni og við bæjarhlað Fremri-Hvestu, en stíflumannvirkið verði staðsett í Hvestuá. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að ekki sé gert ráð fyrir efnistöku vegna framkvæmdarinnar eða lagningu vegslóða en að gera megi ráð fyrir að sjónræn áhrif verði einhver og því verði leitast við að staðsetja mannvirkin þannig að þau falli vel að umhverfinu.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að framkvæmdin muni hafa áhrif á fugla- eða annað dýralíf og að framkvæmdum loknum verði haldið áfram að nýta túnið til heyöflunar fyrir sauðfjárbú. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að nýting vatnshlunninda í Hvestudal hafi gjörbreytt afkomuskilyrðum ábúenda jarðarinnar og tryggt búsetu á jörðinni um langa framtíð.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að engar fornminjar sé að finna á athafnasvæðinu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að að fyrirhuguð mannvirki sem fylgi framkvæmdinni séu innan gildandi deiliskipulags Hvestuvirkjunar og að fyrir liggi tillaga að breytingu á því.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Vesturbyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, iðnaðarráðuneytis, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu og viðbætur á Hvestuveitu í landi Fremri-Hvestu, Vesturbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrirhuguð framkvæmd tekur til afmarkaðs svæðis á heimatúni og við bæjarhlað Fremri-Hvestu og er þar í gildi deiliskipulag fyrir virkjun. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð breyting og viðbætur við Hvestuveitu muni ekki hafa veruleg umhverfisáhrif en tekur undir með framkvæmdaraðila um mikilvægi þess að staðsetning mannvirkja verði þannig að þau falli vel að umhverfinu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Íslenskrar orkuvirkjunnar f.h. Hvestuveitu ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting og viðbætur á Hvestuvirkjun í Vesturbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 31. júlí 2006.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Vesturbyggð, Fornleifavernd ríkisins, iðnaðarráðuneytið, Orkustofnunar og Umhverfisstofnun.